

Telja kjördaginn 20. október vera skýran

● Ævintýrlega mikið á sig lagt til að búa til vandamál, segir formaður VG

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbli.is

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segist í samtali við Morgunblaðið vera að öllu leyti sammála Valgerði Bjarnadóttur, formanni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, um að dagsetning á þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs sé 20. október í síðasta lagi, á meðan önnur dagsetning hafi ekki verið valin. Haft var eftir Valgerði í fréttum RÚV í gær að 20. október sem kjördagur væri alveg skýr í sínum huga, á meðan önnur dagsetning hefði ekki verið ákveðin.

Eins og fram hefur komið í Morgunblaðinu síðustu daga þá óskaði innanríkisráðuneytið eftir því í bréfi til forsætisnefndar Alþingis að Alþingi ákveði endanlega dagsetningu fyrir kjördag þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Svareði forseti Alþingis því til að stjórnvöld ættu að haga undirbúningi sínum samkvæmt ákvörðun Alþingis. Skrifstofa þingsins tæki þannig mið af þeirri dagsetningu í sinni vinnu. Ekki náðist í Ögmund Jónsson innanríkisráðherra til að fá viðbrögð við svári Alþingis. Stjórnarandstaðan hefur þrýst á að málið



Steingrímur J. Sigfússon

verði endurskoðað frá grunni.

Má lengi reyna

„Úr því að engin önnur dagsetning hefur komið upp, eða annað komið til umræðu, þá hlýtur kosningin að fara fram 20. október, úr því að Alþingi hefur ályktað að hún skuli fara fram eigi síðar en þann dag. Hún getur ekki farið fram seinna, miðað við samþykkt Alþingis, og hún fer ekki fram fyrir nema eitthvað annað sé ákveðið,“ segir Steingrímur og telur að með samþykkt Alþingis hafi verið farið eftir ákvæðum laga um þjóðaratkvæðagreiðslur; þ.e. að minnst þrjú mánuðir verði að líða frá ákvörðun Alþingis um kjördag þar til atkvæðagreiðslan fer fram.

„Það mun þá bara liggja fyrir 20. júlí að kosningin verður 20. október, miðað við ákvörðun Alþingis. Eg held að það sé verið að leggja ævintýrlega mikið á sig til þess að búa til vandamál úr þessu. Það má lengi reyna,“ segir Steingrímur.

Sundbolur
Tankini
Bikini
Náttföt
Undirföt
Sloppar

frú Sigurlaug
Mjóddin s. 774-7377

nýr auglýsingamiðill
finnur.is
569-1100

Útsalan í fullum gangi

Flott föt fyrir flottar konur

Stærðir 40-58

belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. júlí 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2012 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. júlí 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarstjórnsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysa-tryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útlagsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámssgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlags kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrreði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. júlí 2012

Tollstjóri

Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólumvík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvalselli



Morgunblaðið/RAX

Rok og rigning Það sér fyrir endann á þurrkinum þegar líður á vikuna.

Von á lægð um helgina með rigningu

● Óvenjulega lítil úrkoma á Stórhöfða

Guðni Einarsson
gudni@mbli.is

Búast má við smáskúrur á við og dreif um sunnan- og vestanvert landið, jafnvel þegar í dag. Horfur eru á því að meiri úrkoma á morgun og um helgina er von á lægð upp að landinu sem kemur með rigningu og vaxandi vind um allt land. Úrkoman frá lægðinni byrjar að falla suðvestanlands á laugardag og fer svo yfir landið um kvöldið og nóttina. Það horfir því ekki vel fyrir útlegur um næstu helgi, að sögn Þorsteins Jónssonar, veðurfræðings á Veðurstofunni.

Trausti Jónsson, veðurfræðingur, birti pistil á bloggi sínu (trj.blog.is) þann 12. júlí um þurrkana. Hann sagði í gær að lítið hefði breyst varðandi úrkomuna síðan þá. Hann sagði

þurrkatímabilið vera óvenjulegast sé lítið til eins og hálfis mánaðar í einu. Sé tíminn lengdur eða stytur verður frávik við minna frá því venjulega.

Trausti vakti athygli á því í bloggi sínu að fyrstu ellefu daga júlí hafði ekki mælst nema 0,8 mm úrkoma á Stórhöfða í Vestmannaeyjum sem er mjög óvenjulegt. Í gær var úrkoman á Stórhöfða orðin 1,2 mm en er venjulega 50 mm á fyrstu 17 dögum mánaðarins. Í Reykjavík hafði mælst 12 mm úrkoma á mælum Veðurstofunnar sem var meiri úrkoma en víðast hvar annars staðar. Í gær hafði ekkert bæst við úrkomuna frá 11. júlí. Meðaltalið fyrir úrkomu þessa daga í Reykjavík er 27 mm og mundi það sem vantar á meðaltalið jafnast út á einum góðum rigningardegi, að sögn Trausta.